

# Þing KKÍ 2017 – 22. apríl 2017 í Laugardal

Hannes S. Jónsson (HSJ) hefur þingið og setur það og stingur upp á 1. þingforseta, Pétur Hrafn Sigurðsson (PHS) og allir sammála.

PHS tekur við stjórninni og stingur upp á Herði Oddfríðarsyni (HO) sem 2. þingforseta. Rúnari Birgi Gíslasyni sem þingritari og varaþingritari Sigríður Inga Viggósdóttir. Samþykkt samhljóða.

PHS leggur fram tillögu um kjörbréfanefnd: Birna Lárusdóttir formaður, Jón Svan Sverrisson og Ester Alda Sæmundsdóttir. Samþykkt og PHS biður nefndina að hefja störf. Þingfulltrúar beðnir að koma umboðum til nefndarinnar.

HSJ flytur ávarp formanns og skýrslu stjórnar.

Næst var komið að ávarpi gesta og var Hafsteinn Pálsson stjórnarmaður ÍSÍ fyrstur. Talaði um nýjan afrekssjóð og Íslenskar getraunir sem eru í samkeppni við ólöglega getraunastarfsemi. Að lokum afhenti hann Rúnari Birgi Gíslasyni silfurmerki ÍSÍ og Eyjólf Þór Guðlaugssyni gullmerki ÍSÍ.

Þá var komið að heiðursveitingum KKÍ. HSJ afhenti Gunnlaugi Svanlaugssyni úr Snæfell og Böðvari Guðjónssyni úr KR silfurmerki KKÍ og Ingimari Ingasyni fráfarandi formanni aga- og úrskurðarnefndar gullmerki KKÍ. Ingimar bað um orðið og þakkaði fyrir sig.

PHS fer yfir tilnefningar í fastar nefndir

Allherjarnefnd: Bjarki Þorsteinsson formaður, Guðni Guðnason og Friðrik Ragnarsson

Laganefnd: Alexander Ragnarsson formaður, Heimir Jónson og Brynjar Örn Steingrímsson

Fjárhagsnefnd: Hilmar Júlíusson, Guðrún Kristmundsdóttir, Ásthildur Jónasdóttir

Allt samþykkt.

PHS gefur HSJ orðið sem segist ekki vilja þreyta fólk með lestri á langloku og bendir á að skýrslan hafi legið frami á netinu og væntanlega allir kynnt sér vel. Fer yfir það sem gleymdist í skýrslunni sem var að vorið 2015 var á Íslandi Trophy Tour fyrir EuroBasket 2015 og svo aftur í vor fyrir EuroBasket 2017.

PHS gefur Eyjólf Þór Guðlaugssyni (EPG) orðið um endurskoðaða reikninga

EPG fer yfir reikningana.

PHS gefur orðið laust

Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) úr UMSK mætir fyrstur í pontu og tjáir sig um fjárhagsmál. Talar um auknar skuldir. Spyr um aðrar tekjur, hvað lækkar þær því þar undir er dómarakostnaður, spyr hvort dómarakostnaður sé að lækka.

PHS spyr hvort fleiri vilji tjá sig undir þessum lið, enginn biður um orðið.

EPG svarar spurningum ÞÞ, breytingar á hvernig dómara gjöldin eru innheimt og svo hefur náðst sparnaður í ferðakostnaði dómara.

HSJ fer yfir hvað það að færa jöfnunarsjóð til KKÍ hefur lækkað kostnað og minnkað álögur á félögin.

PHS kallar Hafstein Pálsson upp aftur sem sæmir Bryndísi Gunnlaugsdóttur silfurmerki ÍSÍ og svo afhendir HSJ Bryndísi silfurmerki KKÍ. HSJ og Guðbjörg Norðfjörð afhenda Guðjóni Þorsteinssyni blómvönd að kveðju en hann mun hætta í stjórn KKÍ á þessu þingi.

PHS kynnir formann kjörbréfanefndar Birnu Lárusdóttir sem fer yfir kjörbréf sem bárust. 134 eiga atkvæðisrétt. Hún fer svo yfir hversu marga fulltrúa hvert félag á á þinginu. Kjörbréfanefnd veur athygli á því að skv lögum þurfa félög að vera skuldlaus við KKÍ viku fyrir þing. Þór Ak. gerði upp skuld sína 2 dögum fyrir þing og nefndin leggur til að Þór Ak. fái atkvæðisrétt á þinginu og leggur það í hendur þingsins að samþykkja það.

PHS biður þingheim um að samþykkja kjörbréf.

PHS leggur tillögu kjörnefndar um að Þór Ak. fái atkvæðisrétt á þinginu, samþykkt samhljóða.

PHS ber reikninga sambandsins upp til atkvæða, samþykkt samhljóða.

PHS fer í gegnum þingskjöl og vísar í nefndir.

1. Laga- og leikreglanefnd
2. Laga- og leikreglanefnd
3. Allsherjarnefnd
4. Allsherjarnefnd
5. Laga- og leikreglanefnd
6. Allsherjarnefnd
7. Fjárhagsnefnd

Fólk fer í nefndir

Þinghlé 12:30

Nefndir hófu störf aftur 13:15

Nefndarstörfum lokið klukan 13:45

Þing sett aftur klukkan 14:00

HO býður formanna fjárhagsnefndar upp til að kynna tillögur nefndarinnar.

Hilmar formaður nefndarinnar leggur til smávægilegar breytingar á fjárhagsáætlun. Fræðslu og útbreiðslutarf sett í 6 milljónir. Nefndin beinir til stjórnar að félagaskiptagjald erlendra leikmanna hækki og verði stighækkandi eftir því sem félög taka sér fleiri erlenda leikmenn.

HO spyr hvort einhver vilji taka til máls, enginn gefur sig fram.

HO leggur tillögu 7a í atkvæði, samþykkt samhljóða.

HO spyr hvort einhver vilji ræða um stighækkandi félagaskiptagjald. Enginn gefur sig fram.

HO setur í atkvæði og samþykkt með 12 mótatkvæðum.

HO býður formann laga og leikreglanefndar, Alexander Ragnarsson (AR).

AR kemur og kynnir þingskjál 1 – nýtt fyrirkomulag í úrvalsdeild og 1. deild kvenna. Leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar.

HO leggur í atkvæði, samþykkt með 5 mótatkvæðum.

AR kynnir tillögu 2 – þingályktunartillaga um þrefalda umferð í 1. deild karla. Leggur til að skjalið verði samþykkt óbreytt.

ÞP tekur til máls og bendir á að stjórnin hafi þetta vald í dag og segir að með því að samþykkja sé verið að skikka stjórnina til að breyta þessu og leggur til að þetta verði fellt.

Ingólfur Þorleifsson úr Vestra kemur upp og segir að Vestramenn vilji spila þrefalda umferð þó það kosti mikið meira en að spila tvöfalda.

HO leggur í atkvæði, samþykkt með 5 mótatkvæðum.

AR kynnir tillögu 5 – þingályktunartillaga um minnibolta 10 ára verði í Íslandsmóti. Miklar umræður í nefndinni og skiptar skoðanir og leggur tillöguna í atkvæði þingsins og komst nefndin ekki að einni niðurstöðu til að leggja fram.

Viðar Hafsteinsson spyr um stefnu ÍSÍ um keppni 10 ára barna.

AR kemur og segir frá markmiðum ÍSÍ sem segja að ekki skuli keppa til titla hjá 10 ára og yngri.

ÞP kemur og segir að börn telji alltaf og því skipti ekki máli hvort börn eru 10 eða 11 ára að keppa. Spyr HO hvernig þessu er háttað hjá Sundsambandinu.

HO kemur upp og segir að þeir séu með aldursflokk 12 ára sem keppa til Íslandsmóts.

Stefán Þór Borgþórsson mótastjóri kemur upp og bendir á að minnibolti 11 ára sé í raun U12 ára flokkur og því minnibolti 10 ára í raun U11 ára og samræmist því stefnu ÍSÍ.

Birna Lárusdóttir spyr hvað nágranna þjóðir okkar eru að gera.

Stefán mótastjóri svarar því að það sé mjög mismunandi.

HO leggur í atkvæði, samþykkt með 10 mótatkvæðum.

PHS gefur formanni Allsherjarnefndar Bjarka Þorsteinssyni (BP) orðið

BP kynnir þingskjal 4 – handbók. Umræða í nefndinni hvort þetta væri vísir að íþyngjandi kvöðum en svo er ekki. Nefndin leggur skjalið fram óbreytt en beinir til stjórnar að félögin fái að vera með í lokavinnu handbókarinnar.

Engin umræða.

PHS leggur í atkvæði, samþykkt samhljóða.

BP kynnir þingskjal 6 – afreksstefna. Nefndin leggur skjalið fram óbreytt.

Engin umræða.

PHS leggur í atkvæði, samþykkt samhljóða.

BP kynnir þingskjal 3 – erlenda leikmenn. Nefndin leggur til málamiðlun, þingskjal 3a. Í úrvalsdeild karla og 1. deild karla verði 3+2, úrvalsdeild og 1. deild kvenna 4+1. Annar texti óbreyttur. Nefndin leggur til að kosið verði leynilega.

PHS gefur orðið laust og kynnir númerin á breytingartillögum sem borist, tillaga frá Snæfell fær 3b og frá Stjórnunni 3c.

Gylfi Þorkelsson bendir á að það þarf að breyta orðalagi í tillögu 3b svo hún fjalli um það sem hún á að fjalla um.

Guðjón Þorsteinsson og talar um að umræðan hafi alltaf verið svona og voni að þegar fólki fari héðan í dag verði allir sáttir.

Hrafn Kristjánsson og útskýrir tillögu 3c, hugmyndin er að reyna að skýra regluna um að reglan nái yfir þá erlendu leikmenn sem sjá sér hag í að búa á Íslandi.

Þorsteinn Þorbergsson leggur til að allar tillögurnar verði felldar, engar breytingar.

PHS lokar mælendaskrá.

PHS fer yfir hvernig verður kosið, fyrst kosið um þingskjal 3a, ef hún er felld verður kosið um 3b og svo kosið um 3c.

Ingi Þór Steinþórsson Snæfelli kemur í pontu og hvetur menn til að kjósa 3a.

Kjörnefnd dreifir nú atkvæðaseðlum.

HO útskýrir kosningar, hvert þingfulltrúi fær 3 atkvæðaseðla, hvítan, gulan og rauðan.

PHS opnar á kosningar um tillögu 3a.

Gengið til kosninga.

Kosningu lokið og talning atkvæða.

HO kynnir úrslit atkvæðagreiðslu. 108 kjörbréf samþykkt, 102 kjörseðlar afhentir og allir komu til baka. 51 já og 51 nei, felld á jöfnu.

Þá er kosið um þingskjal 3b.

Gengið til kosninga.

Kosningu lokið og talning atkvæða.

HO kynnir úrslit atkvæðagreiðslu. 102 seðlar komu upp úr kassanum. 51 já og 51 nei, felld á jöfnu.

Þá er kosið um þingskjal 3c.

48 segja já og 39 nei, tillagan samþykkt.

Næst er komið að liðnum önnur mál

Guðjón Þorsteinsson kemur í pontu og þakkar fyrir sig á þeim tímamótum að hann er að hverfa úr stjórn. Leggur til að annað hvert þing verði úti á landi.

HSJ ræðir um ólöglega spilastarfsemi og hagræðingu úrslita. Samskipti félaga við skrifstofuna.

Kosningar

PHS býður Guðjón Þorsteinsson (Gb) formann kjörnefndar velkominn í pontu.

GÞ leggur til Hannes S. Jónsson sem formann, lófaklapp.

GÞ leggur til að í stjórn verði kosnir Birna Lárusdóttir, Einar Karl Birgisson, Eyjólfur Guðlaugsson, Erlingur Hannesson, Ester Alda Sæmundsdóttir, Guðbjörg Norðfjörð, Lárus Blöndal, Páll Kolbeinsson og Rúnar Birgir Gíslason. Samþykkt með lófaklappi.

Agá og úrskurðarnefnd: Þórólfur Þorsteinsson formaður, Björgvin Björnsson, Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, Kristinn G. Kristinsson, María Káradóttir og Björgvin Guðmundarson. Samþykkt með lófaklappi.

Áfrýjunardómstól KKÍ: Halldór Halldórsson, Jóhannes Karl Sveinsson og Ingimar Ingason. Varamenn: Einar Hugi Bjarnason, Bryndís Gunnlaugsdóttir og Nökkvi Már Jónsson. Samþykkt með lófaklappi.

Tveir skoðunarmenn reikninga: Guðmundur Sigurbergsson og Sigurður Guðjón Gíslason. Samþykkt.

Kosning til Íþróttabings – vísað til stjórnar.

Þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.

PHS kveður og gefur HSJ orðið.

HSJ þakkar fyrir góða vinnu á þessu fyrsta eins dags þingi. Býður nýja stjórnarmenn velkomna og þakkar þeim sem hætta.

HSJ og GN afhenda þingforsetunum blómvönd fyrir gott starf.

HSJ slítur þingi kl 16:32